



Borgarráð

### **Rangársel - lóðarvilyrði**

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Búseta húnæðissamvinnufélagi, kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 40 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Rangársel. Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að deiliskipulag um lóðina fáiast samþykkt fyrir lok árs 2023.
2. Að umræddur fjöldi íbúða rúmist innan stakstæðra bygginga samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.
3. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 20% íbúða sem byggðar verða.

Greinagerð:

Í hverfaskipulagi dags. 30.4.2021 fyrir Neðra-Breiðholt, Seljahverfi og Efra-Breiðholt er svæði miðsvæðis sem afmarkast af Skógarseli í suðri, Stekkjar- og Stífluseli í vestri, Seljakoti og Heiðarseli í norðri og Seljatjörn í austri. Landnotkun er verslun, almenn þjónusta, íbúðir, þrífaleg atvinnustarfsemi auk samfélagsþjónustu og opinna svæða. Svæðið lýtur að öðru leyti almennum skilgreiningum fyrir hverfiskjarna og verður einnig skilgreint sem sérstakur byggingarreitur samanber stefnu um íbúðarbyggð.

Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Búseti fái byggingarrétt fyrir allt að 40 íbúðir. Gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir og almenn leigufélög skipti með sér hluta íbúðanna sem nánar verður ákveðið á um í úthlutunarbréfi um byggingarréttinn.

Ívar Örn Ívarsson  
*Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara*